

Minnisblað um Feneyjanefndina

23. nóvember 2012

Til stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis

Frá Páli Þórhallssyni lögfræðingi

Evrópunefnd um lýðræði með lögum, betur þekkt sem Feneyjanefndin, er ráðgjafarstofnun Evrópuráðsins um stjórnskipuleg málefni. Nefndin var stofnuð árið 1990 og hefur átt ríkan þátt að í nýjar og endurskoðaðar stjórnarskrár í álfunni samræmist evrópskum stjórnskipunarhefðum.

Í upphafi var hugsunin sú að nefndin gæti veitt ráð þegar stjórnskipunarkreppa væri uppi í ríki álfunnar en hún öðlaðist fljótlega alþjóðlega viðurkenningu sem ráðgjafarmiðstöð á sínu sérsviði. Nefndin heldur fjóra fundi á ári, í mars, júní, október og desember, og eru þeir haldnir í Feneyjum en starfsliðið hefur aðsetur í höfuðstöðvum Evrópuráðsins í Strassborg.

Í nefndinni eiga sæti óháðir sérfræðingar, gjarnan háskólakennarar á sviði stjórnskipunarréttar eða þjóðaréttar eða dómara við æðstu dómstóla aðildarríkjanna.

Öll Evrópuráðsríkin 47 eiga fulltrúa í nefndinni en einnig eiga Kyrgyzstan, Chile, Suður-Kórea, Marokkó, Alsír, Ísrael, Perú, Brasilía, Túnis, Mexíkó og Kazakhstan aðild. Fleiri ríki eiga áheyrnaraðild og auk þess sitja fulltrúar framkvæmdastjórnar ESB og OSCE/ODIHR fundi nefndarinnar. Fulltrúi Íslands í nefndinni er Herdís Þorgeirsdóttir prófessor en varamenn eru Hjörtur Torfason fyrrverandi hæstaréttardómari og Páll Hreinsson dómari við EFTA-dómstólinn.

Í starfi sínu leggur nefndin áherslu á þrjú megingildi evrópskrar stjórnskipunararfleifðar: Lýðræði, mannréttindi og réttarríkið. Nefndin gefur einkum ráð varðandi stjórnarskrárbreytingar, kosningar, þjóðaratkvæðagreiðslur og starfsemi stjórnmalaflokka, hún beitir sér fyrir samstarfi stjórnlagadómstóla og skipuleggur ráðstefnur og lætur vinna skýrslur og úttektir um valin málefni.

Þótt ráðgjöf nefndarinnar hafi einkum beinst að nýrri aðildarríkjum Evrópuráðsins í Austur-Evrópu eru einnig dæmi um að eldri meðlimir ráðsins hafi leitað til hennar, svo sem Bretland (kosningalög), Finnland (stjórnarskráin), Belgía (stjórnarskrárbreytingar), Lúxemborg (stjórnarskrárbreytingar), Noregur (kosningalög) og Ítalía (fjölmíðlalög).

Meginverkefni Feneyjanefndarinnar er að veita einstökum ríkjum ráðgjöf varðandi setningu eða endurskoðun laga (stjórnskipunarlaga eða annarra laga) sem eru mikilvæg fyrir lýðræðislega starfsemi grundvallarstofnana. Venjulega er það ríkið sjálft sem leitar áhlits nefndarinnar en einnig getur ráðherranefnd Evrópuráðsins, þing Evrópuráðsins, þing sveitarfélaga í Evrópu, framkvæmdastjóri

Evrópuráðsins eða alþjóðastofnanir sem taka þátt í starfi nefndarinnar óskað álots. Nefndin felur hópi sérfræðinga (venjulega er um nefndarmenn að ræða) að gera skýrslu um fyrirhugaðar lagabreytingar. Eftir að hafa rætt við stjórnvöld viðkomandi ríkis og aðra hagsmunaaðila eru gerð drög að skýrslu um það hvort viðkomandi lagatexti samræmist lýðræðislegum viðmiðum á viðkomandi sviði og hvernig megi bæta hann í ljósi uppsafnaðrar reynslu Evrópuríkja. Skýrsludrögin eru rædd á fundi nefndarinnar, venjulega að viðstöddum fulltrúum viðkomandi ríkis. Síðan er álitid samþykkt og því komid á framfæri við viðkomandi ríki. Venjulega er álitid einungis birt eftir samþykkt en heimilt er að birta það sem drög að álitu ef sérstakar ástæður mæla með því. Þótt oftast fari viðkomandi ríki eftir ráðgjöf Feneyjanefndarinnar þá er hún ekki bindandi. Til þess að fá sem hlutlægasta mynd af stöðunni og þeim álitamálum, sem uppi eru, heimsækja viðkomandi sérfræðingar venjulega viðkomandi ríki til að ræða við mismunandi stjórnmalaflokka og aðra hagsmunaaðila.

Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu nefndarinnar: www.venice.coe.int